

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

5. tbl., 8. árg., 12. apríl 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

UMHVERFISÁTAK

Skipulags- og umhverfisnefnd Hörgárbyggðar lagði til á fundi sínum 12. nóvember 2007 að efnt verði til hreinsunarátaks í sveitarfélaginu sumarið 2008 og að stofnuð verði hvatningarverðlaun fyrir góða umgengni.

Síðarnefnda atriðið er skv. Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð. Sveitarstjórn samþykkti tillöguna 21. nóvember 2007.

Sveitarstjórn ákvað svo 19. mars 2008 að útvíkka hreinsunarátakið og nefna það "umhverfisátak". Undir "hatt" þess eru sett nokkur verkefni sem áður hefur verið ákveðið að fara út í.

Hér í fréttabréfinu er sagt frá nokkrum þáttum átaksins og í næstu fréttabréfum mun væntanlega berast fleiri fréttir af því.

Fundir um þjóðlendumál

fimmtudaginn 17. apríl nk. í Hlíðarbæ kl. 13:30 og í Freyvangi kl. 20:30

sjá nánar á bakhlið fréttabréfsins

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

VIÐURKENNINGAR fyrir góða umgengni

Í haust verða veittar viðurkenningar fyrir snyrtimennsku í Hörgárbyggð. Óskað er eftir tilnefningum, uppástungum eða ábendingum um jarðir, lóðir og lönd sem eru til fyrirmyndar í umgengni. Þær eiga að berast til nefndarmanna í skipulags- og umhverfisnefnd eða á skrifstofu sveitarfélagsins. Í nefndinni eru Oddur Gunnarsson, formaður, Aðalheiður Eiríksdóttir og Birna Jóhannesdóttir. Leitað verður liðsinnis utanaðkomandi aðila við mat á tilnefningunum. Tilnefningar þurfa að berst í síðasta lagi um miðjan ágúst nk.

ROTÞRÓATÆMING í Kræklingahlíð og nágrenni

Gert er ráð að rotþrær verði tæmdar á bæjum í Kræklingahlíð og nágrenni í maí. Gámaþjónusta Norðurlands ehf. sér um verkið. Vonast er til að alls staðar á þessu svæði verði tæmingu lokið um mánaðamótin maí-júní.

SÖFNUN ÓNÝTRA HJÓLBARÐA

Þann **5. maí nk.** fer fram söfnun á hjólbörðum sem hafa lokið hlutverki sínu. Alla slíka hjólbarda á að setja á áberandi stað nálægt vegi, þar sem auðvelt er fyrir kranabíl að ná þeim.

Skv. lögum er bannað að urða gúmmí og því má ekki setja hjólbarda í gáma fyrir almennan úrgang, t.d. í kör við bæi eða í gámana við Mela og Jónasarlund.

Sveitarfélagið fær greitt fyrir hjólbarda sem safnað er sérstaklega. Auk þess sleppur það við að greiða urðunargjald, sem þarf ef hjólbardar eru settir í kör eða gáma. Það er því tvöfaldur ávinningur af því að nota þessa söfnun fyrir utan umhverfislegan ávinning.

HREINSUN Á SEYRUVATNI

Gerður hefur verið samningur við Raf ehf. á Akureyri um uppsetningu á hreinsunarbúnaði á seyruvatni frá rotþró sveitarfélagsins á Lónsbakka. Hreinsunin fer þannig fram að lofttegundinni óson, sem framleidd er með rafgreiningu á staðnum, er dælt í gegnum seyruvatnið, þannig að það hreinsast fullkomlega. Búnaðurinn kemur í stað siturlagnar við rotþróna. Framkvæmdin er unnin í samstarfi við heilbrigðiseftirlitið og Akureyrarbæ. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði tekinn í notkun í júlí nk.

Grænfáninn

Bæði Álfasteinn og Þelamerkurskóli hafa ákveðið að stefna að vottun í umhverfismálum, sem felst í því að fá leyfi til að draga svokallaðan "Grænfána" að húni. Meira um það síðar.

GÁMAR fyrir BROTAJÁRN og ÚRGANGSTIMBUR

Þann **15. maí** verða settir gámar fyrir járnadrasl og úrgangstimburl við Mela og Hlíðarbæ. Þeir vera þar **til 10. júní**, en verða auðvitað losaðir fyrir ef þarf.

Mikilvægt er að vel sé flokkað í gámana og að þangað fari alls ekki almennur úrgangur.

VINNUSKÓLINN

fyrir þá sem nú eru í 8., 9. og 10. bekk hefst 9. júní nk. Hann mun standa fram að vslunarmannahelgi. Eins og áður munu meginverkefni hans teljast til umhverfismála.

Auglýst hefur verið eftir verkstjóra, sjá auglýsingu á bakhlíðinni.

Í byrjun maí verða umsóknareyðublöð fyrir vinnuskólann sent til forráðamanna þeirra sem kost eiga á að vera í honum.

MALBIKUN

Malbikun á syðsta hluta Skógarhlíðar og syðsta hluta Lækjarvalla hefur verið boðin út.

Sett verður malbiks-yfirlögn yfir klæðninguna sem á 160 m kafla syðst á Skógarhlíð. Skv. útboðsgögnum eiga verklok að vera í síðasta lagi 1. júní.

Á Lækjarvöllum verður malbikað meðfram lóðinni Lækjarvellir 1, sem er í eigu Vélavers hf. Það er um 140 m kafla. Verklok þar eiga að vera í síðasta lagi 1. júlí.

NÁMSKEIÐ

um umhverfismál eru fyrirhuguð í vor. Gert er ráð fyrir tveimur 3-4 klst. námskeiðum, þar sem farið er yfir helstu atriði sem varða umhverfismál í rekstri stofnana, fyrirtækja og heimila. Reynslan sýnir að töluverður sparnaður næst með því að taka tillit til umhverfisins í öllum rekstri. Fyrri námskeiðið verður **þriðjudaginn 27. maí nk**. Fyrir þá ekki komast þá verður annað námskeið, væntanlega u.þ.b. viku síðar.

Námskeiðin eru fyrst og fremst hugsuð fyrir starfsmenn sveitarfélagsins, en eru opin fyrir alla. Aðgangur ókeypis.

Hvað hendum við miklu af rusli?

Urðun almenns úrgangs frá heimilum og búrekstri í Hörgárbyggð undanfarin ár hefur verið sem hér segir:

Árið 2004 252 tonn, þ.e. 645 kg/íbúa

Árið 2005 223 tonn, þ.e. 558 kg/íbúa

Árið 2006 194 tonn, þ.e. 472 kg/íbúa

Árið 2007 201 tonn, þ.e. 483 kg/íbúa

Þetta þýðir að úrgangsmagn á hvern íbúa hefur minnkað um 25% minnkun á fjórum árum. Sú þróun er mjög ánægjuleg og nauðsynlegt er að hún haldi áfram.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um magns þess úrgangs í sveitarfélaginu sem fer til endurvinnslu, þannig að heildar-úrgangsmýndunin liggur ekki fyrir. Raunhæft er að a.m.k. 80% alls úrgangs fari í endurvinnslu.

Úrgangur frá atvinnurekstri í sveitarfélaginu er mun meiri en almenni úrgangurinn og hann sveiflast talsvert milli ára.

Fundur um þjóðlendumál

Fram eru komnar kröfur ríkisins um þjóðlendu í austurhluta Hörgárbyggðar. Af því tilefni verða fundir **fimmtudaginn 17. apríl nk. í Hlíðarbæ kl. 13:30 og í Freyvangi kl. 20:30**. Á báðum stöðum verður byrjað á umræðum um málið. Síðan gefst landeigendum kostur á að ræða við þá lögfræðinga sem þeir kjósa um málið. Nánar á heimasíðu Hörgárbyggðar.

VERKSTJÓRI fyrir VINNUSKÓLINN óskast

Í starfinu felst umsjón með starfsemi vinnuskólans, auk þess sem fleiri verkefni geta komið til. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfað með unglingum og hafi garðyrkjumenntun eða aðra menntun sem nýtist í starfinu. Hann þarf að hafa bíl til umráða. Nánari upplýsingar hjá sveitarstjóra.

Útboð

Skólaakstur 2008-2010

Hörgárbyggð óskar eftir tilboðum í skólaakstur úr sveitarfélaginu í þelamerkurskóla skólaárin 2008-2009 og 2009-2010.

Um er að ræða fjórar akstursleiðir:

Búðarnes - Barká - Langahlíð - þelamerkurskóli 11 sæti 44 km hver ferð

Skriða - Tréstaðir - þelamerkurskóli 18 sæti 26 km hver ferð

Auðnir - þelamerkurskóli (um þelamerkurveg) 12 sæti 39 km hver ferð

Lónsbakki - Bitra - þelamerkurskóli 30 sæti 26 km hver ferð

Að jafnaði eru tvær ferðir á hverjum skóladegi. Skóladagar á hvoru skólaári verða um 180.

Útboðsgögn eru afhent á skrifstofu Hörgárbyggðar í þelamerkurskóla. Þangað ber að skila tilboðum í síðasta lagi 16. apríl 2008. Tilboðin verða opnuð í skrifstofu Hörgárbyggðar **miðvikudaginn 16. apríl 2008 kl. 19:30**, að viðstöddum þeim þjóðendum sem þess óska.

Áskilinn er réttur til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. apríl 2008

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 14. apríl og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er 14. apríl 2008

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Umgengni við húsdýr getur dregið úr kvíða og aukið sjálfstraust fólks, samkvæmt niðurstöðum norskrar rannsóknar. Rannsóknin náði til 90 einstaklinga með mismunandi geðræn vandamál, svo sem geðklofa, kvíðaköst og ýmsar persónuleika- eða tilfinningaraskanir. Af þessum hópi heimsóttu 60 einstaklingar sveitabæi í þrjár klukkustundir í senn tvisvar í viku í 12 vikur og tóku þar þátt í umhirðu nautgripa og hrossa. Hinir 30 gerðu það ekki. Líðan þeirra sem tóku þátt í sveitaheimsóknunum var marktækt betri en samanburðarhópsins þegar liðnir voru 6 mánuðir frá heimsóknunum

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 11. apríl 2008)